

Fundargerð Félag háskólakennara á Akureyri (FHA) félagsárið 2009–2010

2. félagsfundur haldinn þann 26. nóv. 2009 kl. 15:00

Dagskrá:

Kynning á drögum FHA og HA að tveggja ára samkomulagi vegna niðurskurðar í rekstri HA sem samstarfs- og samninganefndir beggja aðila setja fram sameiginlega. Helgi Gestsson, formaður FHA, kynnti drögin og síðan fóru fram almennar umræður. Ekki verður grein fyrir framsögu Helga heldur vísað í glærur sem hann notaði til kynningar á drögnum. Stutt grein verður gerð fyrir umræðunum en geta má þess að allur fundurinn var tekinn upp og gerður aðgengilegur á vefsíðu FHA. Fundurinn fór fram í stofu L-201 með fjarfundartengingu til Hafnarfjarðar. Samtals sóttu fundinn um 50 félagsmenn fundinn, 46 á Akureyri og 4 í Hafnarfirði.

1. Elísabet Hjörleifsdóttir lagði áherslu á að rannsóknarmisseri kennara yrðu tekin upp sem fyrst, ekki einungis vegna kennaranna sjálfra heldur einnig vegna þess að HA er rannsóknarháskóli. Hún gagnrýndi að í samkomulagdrögnum væri ekki mælt fyrir um að rannsóknarmisserin yrðu tekin upp.
2. Helgi Gestsson sagði alla vera fylgjandi upptöku rannsóknarmissera; samkomulagsdrögin mæltu einungis fyrir um að ekki mætti fjármagna rannsóknarmisseri með meiri skerðingu launa en þar er tilgreind.
3. Rachael Johnstone lagði áherslu á að kennarar fengju að breyta hlutföllunum milli kennslu og rannsókna.
4. Helgi Gestsson benti á heimildir til að breyta þessum hlutföllum. Einnig ræddi hann um hugmyndir að kennsluhlutfallið mætti fara upp í 80% en þá aðeins gegn því að kennarar fengu viðbótarkennslustig.
5. Margrét J. Þorvaldsdóttir varaði við hugmyndum að auka við kennsluskyldu aðjúnkta; þeir gætu auðveldlega lent í ákveðnum vítahring. Hún óskaði einnig eftir upplýsingum um hvað það myndi þýða ef kennsla allra kennara yrði aukin sem nemur sama fjölda kennslueininga [í stað þess að allir veiti 8,5% afslátt af kennsluskyldu sinni].
6. Ársæll M. Arnarsson tók undir orð Margrétar og varaði við auknu kennsluálagi á aðjúnkta. Hann lagði einnig áherslu á að rannsóknarmisseri yrðu tekin upp sem fyrst, jafnvel þótt þau kæmu ekki inn að fullu fyrr en eftir tvö ár. Ársæll spurði einnig út í stöðu prófessora við HA.

7. Helgi Gestsson giskaði á að auka þyrfti kennslu allra kennara um sem næmi 65-80 einingum til að ná fram sama sparnaði og gert er ráð fyrir í drögum. Hann benti einnig á að samningsstaða prófessora væri önnur en félagsmanna FHA því að FHA væri verkalýðsfélags á meðan Félag prófessora við ríkisháskólana sé ekki aðili að BHM.
8. Anna Ólafsdóttir og Margrét J. Þorvaldsdóttir óskuðu eftir frekari skýringum á ágiskun HG um að aukningin þurfi að nema 65-80 kennslueiningum.
9. Helgi Gestsson og Hjördís Sigursteinsdóttir útskýrðu þessar tölur og bentu á að sú leið sem lagt er til að fara í drögum komi betur við þá sem hafa litla yfirvinnu. M.ö.o., flöt aukning á kennslueiningum kæmi verr niður á þeim sem hefðu haft litla sem enga yfirvinnu.
10. Anna Ólafsdóttir lagði áherslu á að rannsóknarmisseri yrðu tekin upp sem fyrst og ræddi sérstaklega um stöðu þeirra 8 kennara sem búnir voru að fá leyfi fyrir veturinn 2009-2010 sem síðan voru afturkölluð. Benti hún á að sparnaðartillaga fulltrúa kennara í háskólaráði í 18 liðum hafi verið ýtt út af borðinu. Hún spurði hvort aðrar fjármögnunarleiðir hefðu verið kannaðar.
11. Helgi Gestsson benti á að skipulagsbreytingar þýddu oftast uppsagnir starfsfólks. Aðalatriðið væri að samkvæmt drögum gæti yfirstjórn HA ekki farið inn í kjarasamninga til þess að sækja fjármagn, t.d. fyrir rannsóknarmisserin.
12. Elísabet Hjörleifsdóttir velti einnig fyrir sér hvort aðrar leiðir til fjármögnunar rannsóknarmissera hefðu verið athugaðar. Mikilvægt væri að þeim kennurum, sem lentu í því að rannsóknarmisseri þeirra voru afturkölluð, verði gert kleift að komast í rannsóknarmisseri, jafnvel þótt það væri gert samkvæmt breyttum reglum um greiðslur dagpeninga og ferðakostnaðar.
13. Guðmundur K. Óskarsson ræddi um stöðu þeirra kennara sem hafa þurft að taka að sér mikla yfirvinnu. Hann benti jafnframt á það að með því að hafa flata aukningu á alla þá kæmi það verr út fyrir alla þegar á heildina er litið.
14. Erlendur Steinar Friðriksson benti á að rannsóknir við HA myndu áfram verða stundaðar við HA vegna þess að tæpur helmingur af vinnutíma kennara sé eyrnamerkur rannsóknnum.
15. Dagmar Ýr Stefánsdóttir nefndi að fólk í stoðþjónustunni væri almennt tilbúið til að taka á sig þá skerðingu sem samkomulagsdrögin mæla fyrir.
16. Fjóra Björk Jónsdóttir benti á að hún sé t.d. með mikla yfirvinnu sem ætti að skerða. Hver kemur til með að vinna þá vinnu?
17. Elísabet Hjörleifsdóttir lagði til að farið yrði að dæmi margra erlendra háskóla með því að leggja alla yfirvinna niður.



Að lokum þakkaði Helgi Gestsson fundarmönnum fyrir góðar umræður og sagði frá því að stjórn félagsins myndi innan skamms standa fyrir viðhorfskönnun á meðal félagsmanna um samkomulagsdrögin. Fundi var slitið kl. 16:30

Fundargerð rituðu Hjördís Sigursteinsdóttir og Páll Björnsson